

360. – Stjórnarfundur LEB 9. ágúst 2020

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Ragnar Jónsson.- *Jónas Sigurðsson boðaði forföll.*

Gestir: Ásgerður Guðmundsdóttir og Margrét Regína Gísladóttir verkefnastjórar Heilsuefning eldra fólks.

Auk ofantaldra: Steinunn Valdimarsdóttir verkefnastjóri LEB og Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 31.05.2022

Samþykkt

2. Heilsuefning eldra fólks - Samvinnuverkefni LEB og ÍSÍ

Ásgerður Guðmundsdóttir verkefnastjóri fór vel yfir stöðu verkefnisins. Hún kynnti áætlun þeirra yfir fundi með sveitarfélögum, íþróttahreyfingu og félögum eldri borgara víðsvegar um landið 23.08 – 28.09, ýmist með fjarfundum eða staðfundum. Hún kynnti helstu markmið verkefnisins og langtímamarkmið. Eins kynnti hún öfluga heimasíðu fyrir sveitarfélög, félög eldri borgara, þátttakendur, þjálfara og alla þá sem vilja vinna eftir þeirra verklagi og skipulagi: www.bjartlif.is

Ásgerður Guðmundsdóttir og Margrét Regína Gísladóttir sátu þennan dagskrárlið.

3. Verkalýðshreyfingin

Þorbjörn formaður Kjaranefndar kynnti stöðu mála og sagði frá fundi kjaranefndar deginum áður.

Kjaraviðræður fara af stað í haust. Stjórn LEB sendi ASÍ, BSRB og BHM bréf 16.2. sl. þar sem óskað er eftir samstarfi við samtökin um kjaramál og húsnæðismál.

Meginpunktar eru:

„Í kjaramálum var lögð áhersla á að hækka almennt frítekjumark í 100.000 kr, lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði, aflétt verði tekjutengingum vegna atvinnupátttöku og að lífeyrir og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavísitölu.“

Á Landsfundi LEB 3.5.2022 mættu fulltrúar framangreindra samtaka á pallborð, öll afar jákvæð varðandi samstarf.



Hvernig sjáum við framhaldið?

Alger samstaða var um að vinna málið áfram. Halda sig við megin punktana, hækka 100 þús. kr. m.v. verðbólgu. Leggja áherslu á verðbólguleiðréttingu eftirlauna. Lagt var til að stjórn LEB formgeri samstarfið við samtök launafólks með því að mynda hóp á vegum LEB.

Kjaranefnd leggur til við stjórnina að koma á fót almammatengslahópi sem stæði að aðgerðum til að vekja athygli á áherslum okkar með ýmsu móti, eins og t.d. stórum baráttufundum, málstofum, greinaskrifum... eða hverju því sem má vera vopn í baráttunni.

Þorbjörn lagði einnig til að Kjaranefnd LEB kæmi með beinum hætti inn í samráðshóp með TR sem nú þegar er fyrir hendi. Nú væri lag þegar nýr forstjóri hefur tekið við hjá TR.

Ásgerður Pálsdóttir yfirlagði fundinn.

4. Nefndir og starfshópar

Helgi kynnti núverandi skipun í nefndir og starfshópa og kvað vera tímabært að endurskoða þau mál og spurði hvort ástæða væri jafnvel til að gera breytingar.

- *Samþykkt* var tillaga Kjaranefndar um að stofna til Aðgerðarhóps vegna kjaramála. Einnig að Kjaranefnd hefði tengingu inn í Samráðshóp með Tryggingastofnun ríkisins.
- *Samþykkt* að koma þurfi á laggirnar Laganefnd sem ynni að tillögum um breytingar á lögum LEB.
- *Samþykkt* að koma á laggirnar Húsnæðisnefnd til að halda m.a. áfram samræðum við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem hófust á vormánuðum.
- *Samþykkt* að skoða nýskipan í Velferðarnefnd sem taki þá helst til heilbrigðismála og nefnist þá Heilbrigðis- og velferðarnefnd.

5. Útgáfumál

Mikill kostnaður er af núverandi fyrirkomulagi við útgáfu og þá helst LEB blaðsins. Þar hleypur kostnaður vegna prentunar og dreifingar á nokkrum milljóna króna. Ræddar aðrar leiðir til útgáfu eins og t.d. að gefa frekar út vefrit.

Gjaldkeri er að vinna að hálfis árs uppgjöri fyrir fyrri helming yfirstandandi árs og mun væntanlega kynna það á næsta stjórnarfundum.

6. Önnur mál

- **Verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk**
Þann 21. júní sl. var skrifað undir viljayfirlýsing um verkefnastjórnina af félags-



LEB

Landssamband eldri borgara

og vinnumálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni LEB.

- Sjá nánar [hér](#)

Skipað hefur verið í verkefnastjórnina og hefur hún þegar hafið störf. Helgi Pétursson formaður situr þar fyrir hönd LEB

- **Hjúkrunar heimili og aðgengismál**
Formaður sagði frá erindi sem honum hafði borist þar sem bent var á að víða væri pottur brotinn vegna aðgengismála á hjúkrunarheimilum. Hann mun taka það upp í Verkefnastjórninni.
- **Framkvæmdasjóður aldraðra**
Þorbjörn sem er nýr stjórnarmaður í Framkvæmdasjóðnum sagði frá stöðu mála þar. Megnið af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið bundið til langs tíma vegna leigu á húsnæði undir hjúkrunarheimili. Tiltölulega lítið fé er til ráðstöfunar fyrir sitjandi stjórn. Hann hefur kallað eftir frekari greiningu á fjárflæði sjóðsins.
- **Lög nr. 55/2022, málsnr. 690**
Umræða skapaðist um ný lög vegna lífeyrissjóða sem samþykkt voru frá Alþingi 15. júní sl. Þar greinir fólk á hvort hafi verið til bóta eða ekki. Sérstaklega grein er varðar þá sem munu hefja töku lífeyris eftir 1. janúar nk.
- **Samráðshópur TR**
Fundarmenn sammála um að samráðshópur með TR hittist sem fyrst, nú þegar nýr forstjóri hefur hafið störf.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.30

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB

Samþykkt á stjórnarfundi, 13. september 2022

Helgi Pétursson formaður LEB